

**Nr. 045 / 10 Hrafn GK 111*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1628  
Smíðaður: Akureyri 1983 stál  
Stærð: 680,3 brl. 1067 bt.  
Mesta lengd: 61,76 m Skráð lengd: 58,56 m  
Breidd: 9,76 m Dýpt: 6,74 m  
Vél: Wichmann 1472 1982  
Fjöldi skipverja: 27



Hrafn ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 15. febrúar 2010 var Hrafn GK 111 á togveiðum í Kolluál. Veður: NA 19-23 m/sek. Ölduhæð 4-5 m.

Skipverjar voru að taka trollið vegna slæms veðurs en þar sem loftstýring á stjórnborðs gilsvindu reyndist frosin var ákveðið að hífa trollið inn á bakborðsvindunni. Pokagilsinn var því notaður til að festa trollið á meðan gilsinn var færður aftur á þilfarið til að taka aðra færur. Vegna misskilnings var híft í pokagilsinn í stað þess að slaka með þeim afleiðingum að tveir fingur á vinstri hendi eins skipverja klemmdust. Við þetta fékk hann skurð og það sprakk framundan nögl.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði sagðist hafa gefið bendingar um að slakað yrði á gilsinum með handarhreyfingu;
- að spilmaður staðfesti að bendingar hefðu verið gefnar en það hafi verið með höfuðhneigingu enda hafi slasaði haldið með hinni hendinni í trollnetið og sagðist spilmaður greinilega hafa misskilið merkjagjöfina;
- að spilmaður sagðist hafa kynnt sér og kunnir góð skil á bendingum við hífingar og í skipinu hangi uppi leiðbeiningar þar að lútandi;
- að skipverji sem starfaði á móti slasaða í rennunni og hélt um belgstroffuna sagði að það hafi ekki verið búið að gefa neitt merki um hífingu. Slasaði hafi bara viljað fá meiri slaka á gilsinn og hann hafi heyrt slasaða kallað tvisvar sinnum að það ætti að slaka.

*Nefndarálit:*

Orsök slyssins var ótímabær hífing vegna ófullnægjandi merkjagjafar.

*Sérstök ábending:*

Nefndin ítrekar mikilvægi þess að sjómenn fari eftir gildandi reglum um merkjagjafir við hífingar.